



Samfélagsleg ábyrgð
í sjávarútvegi
2.-3. NÓVEMBER Í HÖRPU

«Sjálfbærni» & «30 fyrir 30 markmiðin»

Svanur Guðmundsson

Bláa hagkerfið



SJÁVARÚTVEGS
RÁÐSTEFNAN
2023

„Við Íslendingar höfum náð einstökum árangri við stýringu á auðlindum okkar og höfum mikið fram að færa á því sviði. Það er mikilvægt að þeir sem berjast nú af miklum áhuga fyrir náttúrinni kynni sér vel hvernig við nú þegar stýrum okkar auðlindum í hafinu.

Sjálfbær nýting og varðveisla auðlinda hafsins er lífsnauðsynleg til að viðhalda heilbrigðum vistkerfum, tryggja efnahagslega velmegun og sjálfstæði landsins.


Hugtakið „sjálfbær þróun“ er þýðing á enska orðasambandinu „sustainable development“. Í stuttu máli má segja að sjálfbær þróun sé viðleitni til að mæta þörfum samtímans án þess að draga úr möguleikum komandi kynslóða.

Ég vinn dags daglega mikið með gervigreind og vél nám og gerði mér

það að leik að spyrja Chat GTP um stöðu okkar til sjálfbærra veiða.

Hún svaraði að bragði :

Ísland er heimkynni einna sjálfbærustu fiskveiða í heimi. Ábyrgar veiðiaðferðir, vísindalegt eftirlit og eftirfylgni hafa viðhaldið heilbrigðum fiskistofnum...



Hér má sjá öll þau hólfi og svæði (merkt rauð) þar sem veiðar eru alfarið bannaðar eða með miklum takmörkunum á veiðar. Útgerðarmenn og skipstjórnarmenn þurfa að fara eftir þeim lögum um stjórn fiskveiða svo og öllum þeim reglugerðum sem eiga við um veiðar við Ísland. Er heildaryfirlit þeirra að finna í sérriti matvælaráðuneytisins sem er heilar 314 blaðsíður af lagatexta og rúllar hér inni á myndinni

Það vakti athygli mína í umfjöllun fjölmiðla um loftslagsráðstefnuna í Egyptalandi fyrir ári síðan að því var haldið fram að einungis innan við 0,1% landgrunns Íslands væri verndað. Sú fullyrðing kom í framhaldi af umræðu vegna 30/30 markmiðanna svokölluðu sem byggjast á því að friða 30% af landi og hafi fyrir ágangi mannsins.

Þetta minnir okkur á hvað umræða um verndun og friðun getur verið

vandasöm ef ekki liggja fyrir fullnægjandi upplýsingar og viðunandi skilgreiningar. Þá getur verið gagnlegt að skoða meðfylgjandi mynd sem sýnir þau hólf og svæði innan efnahagslögsögu Íslands sem nú þegar eru lokuð fyrir veiðum eða ákveðnum veiðarfærum til viðbótar við þá stýringu sem felst í aflamarkinu.


Hér við land notum við botnvörpu, flottroll, línu, handfæri, dragnót, plóg og nætur við veiðar á mismunandi svæðum með margvíslegum reglum sem eiga við um hvert veiðararfæri og eftir því hvað er veitt, hvar og hvenær. Sérstakar reglur eru um stærðir báta, lengd og afla, allt eftir því hvaða veiðiskapur er stundaður og á hvaða svæðum má veiða eftir ástandi stofna á hverjum tíma. Að auki er svo hámark afla á hverja fisktegund skipt niður á báta eftir aflamarki. Ég reyni að segja þetta í eins einföldu máli og hægt er. En það vita það allir sem við þetta vinna að umhverfi sjávarútvegs er eitt það flóknasta lagaumhverfi sem til er hér á landi um eina atvinnugrein.

Eins og allir sjá þá eru þessi hólf meir en 0,1% af efnahagslögsögunni. En við getum með sanni sagt að öll okkar efnahagslögsaga Íslands er nýtt á sjálfbæran hátt. Þannig getum við sagt að við hér á landi höfum náð 30% markmiðunum 100%. Því það eru ekki bara að við lokum þessum hólfum fyrir veiðum. Öll efnahagslögsagan er lokuð fyrir allri umgengni og allt er bannað nema það sé leift samkvæmt lögum og reglum. Allt er þetta gert til að viðhalda sjálfbærri þróun lífríkisins við Ísland. Og um það er góð sátt.



Það er áhugavert að bera saman hvernig við göngum um landið okkar annars vegar og svo hafið. Hvoru tveggja er takmörkuð auðlind og þarf þróunin þar að vera sjálfbær. Hólfín sem voru á síðustu glæru eru 12.437 ferkílómetrar og eru lokuð eru fyrir öllum veiðum nema flottrolli og nót við uppsjávarveiðar eins og áður sagði. Að auki eru öll grunnslóð lokuð yfir hrygningartímann sem ekki er inn í þessari tölu. Auk annarra hólfa sem af og til eru lokuð.


Þessi hólf sem eru hér birtast græn eru þjóðgarðar og eru þrír stærstu þjóðgarðarnir samtals 14.482 ferkílómetrar.



Þjóðgarðar hafa í huga okkar sérstakan sess og eru nýttir á margvíslegan hátt. En eru þjóðgarðar landsins sjálfbærir? Eru þeir að mæta þörfum samtímans án þess að draga úr möguleikum komandi kynslóða.




Fara þar fram veiðar, ferðapjónusta, veitinga og vörusala,
uppbygging mannvirkja svo og önnur nýting svo við hin getum notið
þeirra



Við Íslendingar megum aldrei gleyma því að það fylgir því mikil áhætta ef breytingar verða á hafinu og fáar þjóðir hafa jafn mikla hagsmuna að gæta í þeim efnum.

Við erum í framarlega í rannsóknum á jöklum og jarðhita og við eigum að taka forystu í rannsóknum á hafinu í kringum landið og lífríki þess.

Með allri virðingu fyrir ágæti þess, að bleyta uppþornaðar mýrar skiptir okkur meira að rannsaka hafið og umhverfi þess.




En aftur af staðreyndum málsins

Við þurfum að yrkja þessa jörð og skila henni í betra ástandi en við tókum við henni. Við þurfum að kenna unga fólkinu okkar hvernig við gerum það. Það hefur verulega skort á þekkingu meðal almennings hvernig íslenskur sjávarútvegur er rekinn og hvað verið er að gera í sjávarútvegi þrátt fyrir að hann sé undirstöðuatvinnuvegur þjóðarinnar. Þegar íslensk ungmenni ná að kynna sér sérstöðu íslensks sjávarútvegs þá munum við efla hann enn frekar og vonandi hjálpa öðrum þjóðum til þess sama.

Þeir sem nú berjast af miklum ákafa í umhverfismálum þar með talið unga fólkið okkar verða að setja sig inn í hvernig við nú þegar stýrum efnahagslögsögunni. Það er bjargföst trú mín að við getum kennt og leiðbeint öðrum þjóðum hvernig á að stýra auðlindum sjávar.

Það er mikið í húfi, sjórinn þekur 70% jarðar og verndun og viðhald vistkerfa sjávar kallar á mikla þekkingu og reynslu. Því miður er það svo að flestar strandþjóðir heims vita ekki hvernig þær eiga að stýra sínum fiskveiðum á sjálfbæran hátt.



Sem þjóð sem er tengd höfunum gegnir Ísland lykilhlutverki í því að ganga á undan með góðu fordæmi í verndun sjávar og sjálfbærri nýtingu. Með alhliða stefnumótun, alþjóðlegu samstarfi, tækninýjungum og samfélagsþátttöku getur Ísland haldið áfram að virkja auðlindir hafsins á sjálfbæran hátt og tryggt að hafið verði áfram gjöfult fyrir komandi kynslóðir.

Myndin hér veitir innsýn í verkefni sem ég vinn að um endurmat á stofnmati fiskistofna ... Þessi mynd sem rúllar er samansafn allra gagna um Gullkarfan frá 1974 og hvernig vélnám og gervigreind setja upp svæðin í 7 víddum þjappað niður í 3 víddir samanborið við svæðaskiptingu Hafrannsóknarstofnunar sem sést á myndinni hægra

megin. Svona til að sýna ykkur örmynd af því sem ég er að gera.

Gagnaöflun, rannsóknir, úrvinnsla og þekking er lykill að sjálfbærri þróun !



Samfélagsleg ábyrgð
í sjávarútvegi
2.-3. NÓVEMBER Í HÖRPU

Takk fyrir áheyrnina!

Svanur Guðmundsson
Bláa hagkerfið



SJÁVARÚTVEGS
RÁÐSTEFNAN
2023